



Skýrsla Foreldrafélags Hlíðaskóla fyrir starfsárið 2019-2020

Höfundar: Stjórn foreldrafélags Hlíðaskóla

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 15. október 2019 og ný stjórn kjörin.

Í henni sátu skólaárið 2019-2020:

Lena Viderø (formaður), Klara Geirsdóttir (gjaldkeri), Sigurhanna Kristinsdóttir (ritari), Hallfríður Brynjólfssdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Eirný Þórólfsdóttir (fulltrúi í skólaráði), Rósa Gunnlaugsdóttir og Eygló Svala Arnarsdóttir (meðstjórnendur).

Undir lok skólaárs bættist Reynir Ingi Finnsson í hópinn. Auk þess sat Heiða Lind Sigurðardóttir ásamt Eirnýju í skólaráði þennan veturinn.

Fundir:

Foreldrafélagið fundaði mánaðarlega í vetur (fyrir utan þann tíma sem samkomubann var í gildi), en fundargerðir verður hægt að finna á vefsvæði félagsins á heimasíðu Hlíðaskóla:

[Foreldrafélag Hlíðaskóla](#)

Í lok skólaárs var haldinn vinnufundur þar sem farið var yfir störf félagsins í vetur og útbúin drög að starfsáætlun fyrir næsta skólaár 2020-2021.

Auk þess fundaði formaður félagsins með skólastjórnendum og nemendaráði. Í skólaráði sat einnig fulltrúi úr stjórn foreldrafélagsins.

Fjárhagur:

Greiðsluseðill fyrir félagsgjöldum (kr. 3000) var sendur til foreldra í nóvember 2019. Ákveðið að hafa eitt félagsgjald á fjölskyldu. Félagsgjöldin voru m.a. nýtt fyrir jólaföndur, félagsgjald í SAMFOK, fræðslukvöld fyrir foreldra og veitingar, helmings þátttaka í kaupum Hlíðaskóla á saltdreifara fyrir skólalóðina og fræðslu fyrir nemendur í 5., 6., 7., 8. og 10. bekk. Foreldrafélagið keypti kveðjugjöf fyrir Krístrúnu skólastjóra sem afhend var á afmælisdaginn hennar og tók félagið einnig þátt í að greiða fyrir skemmtiatriði á SMT deginum sem haldin var 3. júní.

Ályktanir:

Send var ályktun til Reykjavíkurborgar frá foreldrum í Suðurhlíðum varðandi skólaakstur á milli Suðurhlíða og Hlíðaskóla. Foreldrafélagið samþykkti að styðja við þá stefnu að skólaakstri yrði áframhaldið enda ekki einungis um mál íbúa Suðurhlíðanna að ræða heldur allra þeirra sem eiga

börn í Hlíðaskóla. Búast má við því að umferð muni aukast til muna um skólann á álagstíma verði skólaakstur aflagður sem er í berhöggi við þá grænu borg sem Reykjavíkurborg leitast við að byggja, því um mikilvægt hagsmunamál að ræða.

Sjá má ályktun hér: [Ályktun frá foreldrum í Suðurhlíðum varðandi skólaakstur milli Suðurhlíða og Hlíðaskóla Undir listann rita 95 mann](#)

Foreldrafélagið hefur einnig beitt sér fyrir breyttu fyrirkomulagi skólasunds og umbótum á skólalóð og mun beita sér áfram í þeim málefnum á nýju skólaári.

Styrkir:

Foreldrafélagið sótti um styrk úr Borgarsjóði sem og Hverfissjóði vegna vorhátíðar Hlíðaskóla. Sótt var um styrk á sviði Skóla- og frístundamála. Markmið með styrkumsóknum var að nýta vorhátíðina til að auka samgang á milli íbúa 3. hverfis sem telur Hlíðar, Holt og Norðurmýri en það hefur sýnt sig að börn úr öðrum skólum mæta á vorhátíðina í Hlíðaskóla sem er ekkert nema frábært.

Ekki hlaut styrkur úr Borgarsjóði og vegna Covid-19 var hætt við vorhátíð en hugmynd kviknaði að halda þess í stað hausthátíð undir sömu formerkjum; að halda hátíð fyrir börn í Hlíðaskóla en auk þess að auka samgang á milli íbúa 3. hverfis. Ný umsókn um styrk var því send til Hverfisráðs.

Viðburðir/fræðsla:

Foreldrafélagið vann með bekkjarfulltrúum í 3. og 4. bekk að skipulagningu jólaföndurs, sem haldið var í hátíðarsal Hlíðaskóla 1. desember. Mæting var góð og 10. bekkur stóð fyrir kakó-, vöfllu- og piparkökusölu sem hluti af fjáröflun.

13. febrúar var haldið fræðslukvöld fyrir foreldra barna í Hlíðaskóla á vegum SAFT um netnotkun og netöryggi barna. Því miður var mæting dræm hjá foreldrum/forráðamönnum á þá fræðslu og hefur því félagið velt því fyrir sér hvort forsendur séu fyrir því að bjóða upp á fræðslu fyrir foreldra.

Til stóð að bekkjarfulltrúar í 1. og 2. bekk tækju þátt í að skipuleggja öskudagsskemmtun, en Eldflaugin (frístund) ákvað að sjá alfarið um þá skipulagningu.

Í maí tóku fulltrúar foreldrafélagsins þátt í að afhenda reiðhjólahljálma frá Kiwanis-félaginu til barna í 1. bekk.

Seinni hluta maímánaðar var Sigga Dögg fengin til þess að halda erindi um kynfræðslu fyrir nemendur í 8. og 10. bekk og Kristín Tómasdóttir ræddi við nemendur í 5., 6., og 7. bekk um samskipti kynjanna o.fl. Fræðslan fór fram á skólatíma og var foreldrum/forráðamönnum sendur póstur fyrir fræðsluna til kynningar og upplýsinga. Eldri bekkjunum var kynjaskipt en þeim yngri ekki. Fræðslan var í boði foreldrafélagsins.

Því miður varð að aflýsa vorhátíð vegna samkomutakmarkana.

Hlíðaskóli hélt sinn árlega SMT dag þann 3. júní. Á SMT deginum í ár fóru bekkirnir á Klambratún og sá Ingó Veðurguð um að skemmta krökkunum þegar komið var til baka í Hlíðaskóla og tók foreldrafélagið þátt í að greiða fyrir þá skemmtun. Eitthvað var óljóst á milli árganga og bekkja hvort taka ætti með sér ferða- eða sparinesti en ferðanesti er skilgreint sem nesti sem er smurt heima en sparinesti er þá fengið úr bakarí. Gott væri að sameinast um hvernig nesti skuli taka með á SMT daginn svo ekki sé gert upp á milli barnanna.

Óskilamunir:

Foreldrafélagið og starfsfólk Hlíðaskóla átti góðan fund með Virpi Jokinen sem er í foreldrafélagi Laugarnesskóla en hún setti af stað merkingaleikana sem fram fóru í Laugarnesskóla þar sem foreldrafélagið og foreldrar unnu saman að því að koma merktum óskilamunum til skila. Virpi rekur fyrirtækið Á rétttri hillu og er fyrsti vottaði skipuleggjandinn á Íslandi sem þýðir það að hún aðstoðar bæði fólk og fyrirtæki við að skipuleggja sig. Það geta verið verkefni allt frá því að taka til í geymslunni eða að koma óskilamunum til skila og fékk hún styrk úr sjóði Atvinnumál kvenna við að stuðla að viðhorfsbreytingu gagnvart óskilamunum en verkefnið hennar kallast Hvar er húfan mín / Tökum ó-ið úr óskilamunum.

Það er mikil synd hve mikið af óskilamunum safnast upp í Hlíðaskóla sem margir eru þó merktir og fóru ekki meira né minna en 10 svartir ruslapokar af óskilamunum í Rauða krossinn í lok skólaársins. Sem þáttur í því að koma óskilamunum til skila hefur verið stofnaður hópur inn á Facebook sem er til þess gerður að koma fatnaði til síns heima. Hér má nálgast þann hóp:

[\(Ó\)skilamunir í Hlíðaskóla](#)

Viðburðir á vegum bekkjarfulltrúa:

Bekkarfulltrúar skipulögðu ýmsa viðburði fyrir sínar bekkjardeildir. Hægt var að sækja um styrk til foreldrafélagsins til að styrkja þessa viðburði að andvirði kr. 5000 og tveir bekkir nýttu sér það.

1. bekkur hélt hrekkjavökuföndur í október og grillveislu á Klambratúni í byrjun júní.
2. bekkur var með piparkökuskreytingar og kakó fyrir jólin.
4. bekk bauð upp á skautuferð, jólamyndabíó og vasaljósagönguferð í Öskjuhlíðina. Aðrir viðburðir féllu niður vegna Covid-19.
5. bekkur var með hitting í Skautahöllinni og til stóð að hafa hitting í Klifurhúsinu en það varð ekkert úr því vegna Covid-19.

Bekkarfulltrúar í 6. bekk stóðu fyrir samverustund með heitu kakói, piparkökum og bingói fyrir jólin.

Því miður féllu viðburðir fyrir 7. bekk niður annars vegar vegna veðurs og hins vegar vegna Covid-19 en bekkjarsjóður mun greiða fyrir rútufurð í vorferð árgangs með kennurum. Skipulagðir foreldrahittingar voru nokkrum sinnum hjá bæði 4. og 7. bekk.

Við þökkum bekkjarfulltrúum þessara bekkja fyrir vel unnin störf.

Aðalfundur 2020

Næsti aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn 5. október 2020 kl. 20:00 og hvetjum við alla foreldra og forráðamenn til að mæta og nýta þannig kosningarétt sinn. Einnig er þar kjörið tækifæri til að koma ábendingum sínum á framfæri og stuðla að betra og öflugra samstarfi foreldra og skóla í þágu barnanna okkar. Að lokum viljum við minna á netfangið okkar ff.hlidaskola@gmail.com

Góðar stundir,

Stjórn foreldrafélags Hlíðaskóla